

**70. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
2. október 2017 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirs dóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes Karl Guðjónsson áheyrnarfulltrúi og Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

- 1. 1709178 - Norræna ráðherranefndin - aðlaðandi bær, norrænt samstarf**
Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Helena Guttormsdóttir frá Landbúnaðarháskólanum á Hvannayri kynna norrænt verkefni um sjálfbæra þróun þéttbýla.
Skipulags- og umhverfisráð þakkar Sindra og Helenu fyrir áhugaverða kynningu.
- 2. 1708089 - Umhverfisviðurkenningar 2017**
Helena Guttormsdóttir kynnir niðurstöður/tillögur nefndarinnar.
Gögn lögð fyrir á fundinum.
Skipulags- og umhverfisráð þakkar Helenu Guttormsdóttur fyrir góða kynningu á tilnefningum til umhverfisverðlauna 2017.
- 3. 1703220 - Fuglaskoðunarhús í Blautósi eða Innstavogsnesi - tillaga**
Tillaga Stefáns S. Steinólfssonar um að leggja drög að og skipuleggja fuglaskoðunarhús við Blautós og/eða Innstavogsnesi.
Skipulags- og umhverfisráð þakkar erindið og felur umhverfisstjóra frekari úrvinnslu málsins í samstarfi við Umhverfisstofnun.
- 4. 1701216 - Aðalsk. - Dalbraut og Þjóðbraut breyting**
Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2011 var auglýst skv. 31. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þann 20. júlí 2017. Athugasemda frestur var til 7. september 2017.
Engin athugasemd barst.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að aðalskipulagsbreytingin verði samþykkt sbr. 32. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

5. 1405059 - Deilisk. Dalbraut - Þjóðbraut

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Dalbrautar-Þjóðbrautar, sem upphaflega var staðfest 1988, var auglýst skv. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þann 3. ágúst 2017. Breytingin felst í því að skipulagssvæðið er minnkað til samræmis við deiliskipulag Dalbrautarreits, sem auglýst var 20. júlí 2017. Athugasemdafræstur var til 21. september 2017.

Engin athugasemd barst.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt sbr. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

6. 1405059 - Deilisk. Dalbraut - Þjóðbraut

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits var auglýst skv. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þann 20. júlí 2017. Athugasemdafræstur var til 7. september 2017.

Tvær athugasemdir bárust.

- a) Athugasemd dags. 26. júlí 2017 frá Berglindi Ernu Þórðardóttur og Jes Friðrik Jessen Dalbraut 15.
- b) Athugasemd dags. 31. ágúst 2017 frá stjórn FEBAN.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir framlagða greinargerð sviðsstjóra dags. 2. október 2017 sem svör við framkomnum athugasemduum við deiliskipulagið og vísar henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir eftirtaldar breytingar á deiliskipagstillöggunni:

Með hliðsjón af athugasemduum, sem bárust á auglýsingatímanum, samþykkir skipulags- og umhverfisráð eftirtaldar breytingar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi Dalbrautarreits:

-Vesturálmur Dalbrautar 6 og 8 verði lækkaðar þannig að þær verði þriggja hæða með efstu hæð inndregna. Með breytingunni minnkar skuggavarp á nálægar lóðir verulega. Byggingarmagn er minnkað um rúmlega 700 m² og íbúðum fækkað um 8 (miðað við um 90 m² meðalstærð).

-Dalbraut verði útfærð miðað við hámarkshraða 30 km/klst. Með því verður umferðaröryggi aukið og komið í veg fyrir hraðakstur í götunni.

- Breyting á skilmálum Dalbrautar 4, kafli 3.3.4: Heimilt verði að auka loftþæð á allri jarðhæð Dalbrautar 4 þannig að gólf verði sem næst í gangstéttarhæð og bílakjallari alveg niðurgrafinn. Breytingin felur hvorki í sér aukið byggingarmagn né hækkun húss.

Tillagan er í samræmi við sambærileg svæði á miðsvæðum og er svo breytt ekki talin fela í sér verulega skerðingu eða inngríp í aðstöðu nágranna og eignaréttindi. Ný þétt og blönduð byggð á svæðinu mun hafa jákvæð áhrif á íbúabróun, húsnaðismál og atvinnulíf á Akranesi og er það vegið á móti neikvæðum áhrifum á nálæga íbúðarbyggð vestan Dalbrautar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan svo breytt verði samþykkt sbr. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að breyting á aðalskipulagi sama svæðis hefur verið staðfest. Jafnframt er eldra deiliskipulag svæðis milli Dalbrautar, Stillholts og Þjóðbrautar, sem samþykkt var 12. desember 2006 með síðari breytingum, fellt úr gildi.

Þar sem breytingar frá auglýstri tillögu eiga ekki við meginatriði tillögunnar, fela í sér minnkað byggingarmagn og draga úr neikvæðum áhrifum á aðliggjandi byggð þarf ekki að auglýsa tillöguna að nýju.

7. 1708148 - Deilisk. Akratorgsreitur - Merkigerði 2 breyting

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt með athugasemdafresti frá 28. ágúst til 28. september 2017.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.

Einar Björðum
Rannveig Óskarsdóttir
Valgerður Ólafsdóttir
Þórmundur Kristján Ólafsson
Skútur Þorsteinn Ólafsson
Þórunn Ólafsdóttir
Sigríður Birgíð Ólafsson